



Alþingi  
Erindi nr. P 138/1159  
komudagur 9. 3. 2010

Reykjanesbæ 08.mars 2010

Til: Nefndarsviðs Alþingis.  
Frá : Reiknistofu fiskmarkaða

Gerð er athugasemd við eftirfarandi:

Þskj.667-370.mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiðar)

Gerð er athugasemd við 1.gr, skilyrði merkt nr.1. sem hljóðar svo „ Óheimilt er að stunda veiðar föstudaga og laugardaga. Ráðherra er heimilt með reglugerð að banna veiðar á almennum frídögum“

Leggjum við til að að áðurnefndu skilyrði verði breytt og hljóði svo eftir breytingu. 1. Óheimilt er að stunda veiðar laugardaga og sunnudaga. Ráðherra er heimilt með reglugerð að banna veiðar á almennum frídögum.

Skýringar: Fiskmarkaðir eru almennt lokaðir um helgar yfir sumartímann. Sjáum við ekki tilganginn í því að heimila veiðar á sunnudegi þegar ómögulegt verður að losna við aflann á viðunandi hátt. Ekki getur það talist strandveiðum til framdráttar að selja á mánudegi eins dags gamlan óslægðan fisk. Verðið yrði mjög lágt auk þess sem gæðum væri almennt spillt. Til útskýringar skal á það bent að fiskur af strandveiðibátum er seldur og oftast fluttur til kaupanda samdægurs,á þann hátt hefur verið hægt að tryggja gæði hans.

Það hafa engin rök verið lögð fram sem styðja þá tillögu að heimila veiðar á sunnudögum.

Reiknistofa fiskmarkaða  
Fiskmarkaður Íslands  
Fiskmarkaður Suðurnesja